GLERÁRTORG
- af lífi og sál í 20 ár -

Hjartað í miðbænum

Þeir sem leið eiga um miðbæ Akureyrar í sumar komast vart hjá því að taka eftir hárauðu hjarta sem komið hefur verið fyrir við suðurenda göngugötunnar. Á stallinum sem þetta myndarlega hjarta stendur á er myllumerkið #loveakureyri.

Hjartað í miðbænum er hluti af fjölþættu markaðsátaki sem Miðbæjarsamtökin standa fyrir í sumar og fékk verkefnið styrk úr Sóknaráætlun Norðurlands eystra nú í vor. Verkefnið naut einnig stuðnings Akureyrarbæjar. Fleiri nýjungar munu líta dagsins ljós í sumar sem hafa að markmiði að efla miðbæinn, verslun, þjónustu og auðga mannlífið í miðbænum.

Hjartað orðið táknmynd Akureyrar

Frumkvæði að gerð Hjartans í miðbænum höfðu kaupmennirnir Þórhallur Jónsson í Pedromyndum og Úlfar Gunnarsson í Centro en Þórhallur er jafnframt formaður Miðbæjarsamtakanna. Hann sagði við vígsluathöfn Hjartans í miðbænum á dögunum að hugmyndin eigi sér rætur í hruninu á sínum tíma þegar Margrét Blöndal notaði hjartað í tengslum við hátíðarhöld um og birtust þau í stöðvunarljósum umferðarvita í bænum og sjást enn.

Myllumerkið auglýsi Akureyri um allan heim

„Það er von okkar að þetta hjarta eigi eftir að vekja mikla athygli og að enginn fari hér í gegnum bæinn okkar án þess að koma við og taka mynd af sér við hjartað. Einnig vonum við að myllumerkið okkar #loveakureyri eigi eftir að auglýsa Akureyri um allan heim og vekja enn meiri athygli á okkar fallega bæ," sagði Þórhallur við vígsluathöfn Hjartans í miðbænum á dögunum.

■ **Ánægð með Hjartað í miðbænum. Frá vinstri: Úlfar Gunnarsson, kaupmaður, bæjarstjórahjónin Ásthildur Sturludóttir og Hafþór Jónsson með dóttur sína Lilju Sigríði Hafþórsdóttur. Lengst til hægri er Arnar Friðriksson sem smíðaði hjartað.**

■ **Táknmyndir Akureyrar, hjartað og Akureyrarkirkja.**

Þórhallur þakkaði við sama tækifæri kaupmannshjónunum Úlfari Gunnarssyni og Vilborgu Jóhannsdóttur í Centro fyrir þátt þeirra í vinnu við hugmyndina og öflun fjármagns í verkefnið. Sömuleiðis Helgu Maríu í Ísabellu, hönnunarfyrirtækinu Geimstofunni, Akureyrarbæ og Akureyrarstofu og síðast en ekki síst Arnari Friðrikssyni sem smíðaði hjartað.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri afhjúpaði Hjartað í miðbænum í lok athafnar og síðan skemmtu Helgi Björns og Reiðmenn vindanna gestum.

#loveakureyri

Útgefandi: Ritform ehf. í samvinnu við Kaupmannafélag Akureyrar.

Útgáfustjóri: Valþór Hlöðversson.

Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson, (ábm).

Umsjón, textavinnsla og umbrot: Ritform ehf.

Forsíðumynd: Jóhann Ólafur Halldórsson.

Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir. inga@ritform.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Dreifing: Íslandspóstur, júlí 2020.

Rafræn útgáfa af blaðinu er á ritform.is

RITFORM

KAUPMANNAFÉLAG AKUREYRAR

Gott til endurvinnslu

SPORTVER

Ný sýning Minjasafnsins

Akureyri er tónlistarbærinn

Akureyri er og hefur löngum verið tónlistarbær. Þeirri merkilegu sögu er nú gerð skil á Minjasafninu á Akureyri þar sem einum sýningarsalnum hefur verið breytt í dansstað eða tónleikastað. Á sýningunni Tónlistarbærinn Akureyri er fjallað á fjölbreyttan hátt um tónlistarlíf bæjarbúa vítt og breitt og kennir þar ýmissa grasa; sumt er vel þekkt, annað kemur skemmtilega á óvart.

Margir þjóðkunnir tónlistarmenn, hljóðfæraleikarar, kórar og hljómsveitir eiga rætur sínar að rekja til Akureyrar og einn af þeim þekktari er Kristján Jóhannsson sem vafalítið er okkar þekktasti tenórsöngvari síðustu áratugi. Hann kemur vitanlega við sögu á sýningunni sem og t.d. Karlakórinn Hekla sem var fyrsti kórinn sem fór utan í söngför, hljómsveitirnar Baraflokkurinn og Skriðjöklar eru á sínum stað, Passíukór Roars Kvam sem fyrstur allra flutti Messías eftir Händel í fullri lengd á Íslandi og Magnús Einarsson, fyrsti organisti Akureyrarkirkju, sem var ómenntaður alþýðumaður og hafði ekki annað til brunns að bera en óbilandi ást á söng og annarri tónlist þegar hann var ráðinn. Sá þekkti tónlistarmaður Ingimar Eydal skipar að sjálfsögðu sinn sess í sýningunni og þannig mætti lengi, lengi telja.

■ **Hljómsveitin Baraflokkurinn er ein af þekktum Akureyrarhljómsveitum síðari áratuga.**

Sýningin Tónlistarbærinn Akureyri á Minjasafninu á Akureyri er opin daglega frá klukkan 10 til 17. Ókeypis kaffi fylgir aðgöngumiða og er hægt að setjast niður, njóta kaffibollans, hlusta á Akureyrartónlist og lesa veglegt blað sýningarinnar.

minjasafnid.is

Tveir fyrir einn í allt sumar

Sel-Hótel Mývatn á Skútustöðum í Mývatnssveit er vel í sveit sett og er mikilfenglegt útsýni þaðan yfir Skútustaðagíga og einnig suður til fjalla og jökla. Þetta er fjölskyldufyrirtæki þar sem leitast er við að skapa heimilislegt viðmót og umhverfi, þar sem þrjár kynslóðir standa vaktina. Núverandi rekstraraðilar eru hjónin Yngvi Ragnar Kristjánsson og Ásdís Erla Jóhannesdóttir.

Tveir fyrir einn

Sérstakt tilboð er á gistingu á Sel-Hótel Mývatni í sumar og eru tvær nætur á verði einnar í boði. Allar nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu hótelsins.

Á Sel-Hótel Mývatni er fjölbreytt úrval veitinga. Afgreitt er af matseðli hússins allan daginn til kl. 21:00 og léttar veitingar eru í boði í móttöku hótelsins, svo sem hið vinsæla hverabakaða rúgbrauð með reyktum silungi, heimagerðar kökur og kaffi. Nýverið var farið að bjóða upp á pizzur sem jók enn á úrvalið og hafa þær mælst vel fyrir.

■ **Sel-Hótel er fjölskylduhótel þar sem þrjár kynslóðir þjóna gestum. Sérstök tilboð eru á gistingu fram til 30. september.**

myvatn.is

JOTUN
Treolje
HÚSASMIÐJAN
FYRIR
ÞIG
JOTUN
TREBITT
í allt sumar
husa.is

■ **Bráðhressir afgreiðslumenn í JMJ og Joe's við hluta úrvalsins af Pólobolum. Frá vinstri: Elvar Máni Ólafsson, Ragnar Sverrisson, Jón M. Ragnarsson og Kjartan I. Jósavinsson.**

JMJ og Joe's á Akureyri

Pólobolurinn klikkar ekki

„Það er satt að segja búið að vera mjög gott að gera hjá okkur undanfarnar helgar og utanbæjarmenn duglegir að sækja okkur heim. Það er greinilegt að íslenskir karlmenn vita hvar þeir geta keypt á sig gallann enda á allra vitorði að við hjá JMJ og Joe´s fylgjumst vel með tískunni og bjóðum gæðavörur á góðu verði," segir Jón M. Ragnarsson í herrafataverslununum JMJ og Joe's á Akureyri, léttur í bragði að vanda.

Frá nærfatnaði og uppúr

Aðspurður segir Jón að karlmenn séu almennt litaglaðir og til í að breyta til. „Þegar vor er í lofti og sumarið að skella á vita menn ofurvel að þeir eru orðnir glerfínir eftir að hafa fengið sér nýjar gallabuxur og skyrtu við, að ég nú ekki tali um pólobolinn sem klikkar ekki. Hjá okkur er annars að finna mjög breitt úrval af fatnaði fyrir karlmenn á öllum aldri; peysur, boli, jakka, buxur, skó og sokka – raunar allt frá nærbrókinni upp í alklæðnað – og svo auðvitað yfirhafnir, hvort sem er til að nota spari eða í útivistina."

Góð föt – góð þjónusta

Hjá JMJ og Joe's hefur alltaf verið lögð áhersla á góðar vörur og toppþjónustu. Þetta breytist ekkert þótt nýjar kynslóðir hafi tekið við rekstrinum. Að sögn Jóns eru flestar vörur þeirra keyptar frá Danmörku og Þýskalandi og hluti starfsins sé að fylgjast vel með straumum og stefnum. „Það hefur ekki verið okkar stíll að pranga vörum inn á viðskiptavinina heldur sýna þeim trúnað og finna með þeim bestu lausnina. Þannig byggjum við upp okkar góða kúnnahóp og þess vegna koma menn til okkar ár eftir ár og versla margir hvergi annars staðar. Það er beggja hagur."

Drífið ykkur norður!

Jón M. Ragnarsson býður að síðustu alla velkomna í búðina til sín, ekki síst Akureyringa og nærsveitarmenn. Við þá sem koma lengra að segir hann: „Akureyri er himneskur bær og veðrið hvergi betra en hér. Drífið ykkur norður í sumarið og ef þið viljið hressa upp á klæðnaðinn þá taka starfsmenn JMJ og Joe's vel á móti ykkur, hressir í bragði. Því get ég lofað."

Facebook: JMJ herradeild og Joe´s tískuverslun

ORIGINAL NORTH
LÚXUSTJALDGISTING
- í einstakri náttúru
CAMP BOUTIQUE
Rafmagnshjólaferðir að Goðafossi
- mögnuð upplifun
Bókanir á: www.originalnorth.is/is
Aðeins 40 mín frá Akureyri

Einstök náttúrulind við Mývatn

Í Jarðböðunum við Mývatn er boðið upp á náttúruleg gufuböð, baðlón með heitu hveravatni og heitan pott. Nýlega var settur niður bar úti í lóninu og er hann hinn glæsilegasti og dregur til sín fjölda gesta. Öll aðstaða fyrir gesti Jarðbaðanna er fyrsta flokks, búningsklefar með læstum skápum, útiklefar og góðar sturtur. Hægt er að leigja sundfatnað, handklæði og baðsloppa.

■ **Það er auðvelt að ná beinni snertingu við náttúruna í Jarðböðunum í Mývatnssveit.**

Einstök efnasamsetning

Jarðböðin við Mývatn eru í Jarðbaðshólum, um 4 km frá Reykjahlíð en sá staður var ekki valinn af handhófi því þar hafa verið stunduð heit jarðböð til heilsubótar allt frá landnámsöld. Jarðböðin eru fyrir þá sem njóta þess að vera í beinni snertingu við náttúruna, slaka á og endurnæra líkama og sál. Þau eru sannkölluð náttúrulind á heimsmælikvarða.

Sjálft baðlónið er manngert og botninn þakinn sandi og fíngerðri möl. Vatnið er mjög steinefnaríkt og basískt og því frábært til böðunar, það hefur jákvæð áhrif á húðvandamál og er silkimjúkt viðkomu. Vatnið er einnig brennisteinsríkara en almennt þekkist og er talið hafa góð áhrif á astma og aðra öndunarfærasjúkdóma. Efnasamsetning vatnsins gerir það að verkum að bakteríur og gróður þrífast ekki og notkun klórs eða annarra sótthreinsiefna er óþörf.

jardbodin.is

Einar Geirsson, veitingamaður á Rub23, Bautanum, Pizzasmiðjunni og Sushi Corner

Mjög bjartsýnn á sumarið

„Það er nóg að gera og í reynd má segja að sumarið hafi hafist af krafti um hvítasunnuhelgina. Þá varð þess greinilega vart. Ég er þess vegna mjög bjartsýnn á sumarið og við bjóðum ferðamenn velkomna á okkar veitingastaði í sumar," segir Einar Geirsson veitingamaður sem ásamt eiginkonu sinni, Heiðdísi Fjólu Pétursdóttur, á og rekur fjóra veitingastaði í miðbæ Akureyrar. Tveir þeirra eru gamalgrónir, þ.e. Rub23 og Bautinn en þeir nýjustu eru Pizzasmiðjan og Sushi Corner.

■ **Á næsta ári verður liðin hálf öld frá því veitingahúsið Bautinn í miðbæ Akureyrar var opnað.**

Íslendingar frábærir viðskiptavinir

„Mér sýnist að við förum að nálgast svipaða aðsókn og í fyrra. Eini munurinn er sá að nú eru Íslendingar lang stærstur hluti viðskiptavina. Og það er bara skemmtilegt," segir Einar. Aðspurður segir hann að stór verkefni í veitingaþjónustunni hafi fallið niður í samkomubanninu í vor og verulegur hluti þeirra skili sér ekki á síðari hluta ársins.

„Fermingar munu þó færast í talsverðu mæli yfir á haustið en heilt yfir þá hef ég á tilfinningunni að miðað við útlitið núna þá verði árið þokkalegt þegar upp verði staðið, komi ekki eitthvað óvænt uppá. Og svo efast ég ekki um að við fáum góða skíðavertíð næsta vetur enda eru veðurguðirnir alltaf með okkur í liði hér fyrir norðan, eins og allir vita. Sól í sumar og snjór næsta vetur. Við komum bara sterkari út úr þessu, ég er viss um það," segir Einar.

rub23.is

Opið: Mán - fös 10 - 18 Lau. 11 - 16

JMJ og Joe´s eru til húsa að Gránufélagsgötu 4 Akureyri

Hríseyingar bjóða landsmenn velkomna

Heimsókn til Hríseyjar ætti svo sannarlega að vera á lista ferðafólks í sumar enda er það svolítið eins og að stíga inn í annan heim að koma til eyjunnar. Rólegt og notalegt sjávarþorp, laust við ysinn og þysinn. Endurnæring á sál og líkama!

„Fólki þykir afskaplega gaman að heimsækja okkur og ég fæ oft að heyra frá fjölskyldufólki að börnin vilji helst ekki fara í land aftur," segir Linda María Ásgeirsdóttir hjá Ferðamálafélagi Hríseyjar en hún vekur jafnframt athygli á að fyrir yngstu kynslóðina bættist við afþreyingarmöguleiki nú í vor þegar aðstaða var sett upp fyrir hjólabretti.

Gönguleiðir og Hákarla-Jörundur

Hríseyingar bjóða upp á skemmtilegar gönguleiðir um eyjuna og tilvalið er að fá sér göngu úr þorpinu yfir á austurhluta eyjunnar þar sem eru áningarstaðir og upplýsingaskilti. Þegar komið er austur á eyjuna blasir Látraströndin við með sínum tignarlegu fjöllum en á þessari leið er einnig kjörið að virða fyrir sér fjölbreytt fuglalífið.

Þegar svo aftur er komið til baka úr þessum gönguhring er ekki úr vegi að skoða Hús Hákarla-Jörundar og fræðast um hákarlaveiðar og sögu Hríseyjar. Safnið er opið alla daga í sumar. Þá má einnig bregða sér í sund í sundlauginni þar sem er góð aðstaða fyrir fjölskyldufólk. Í Hrísey er einnig 9 holu frisbígolfvöllur, verslun er opin alla daga sem og veitingastaðurinn Verbúðin 66 og Wave gistiheimilið. Það er rekið í því húsi í þorpinu sem áður var prestsetur.

Hríseyjarferjan gengur á tveggja tíma fresti milli Árskógssands og Hríseyjar frá morgni til kvölds. Siglingin tekur um 15 mínútur.

hrisey.is



■ **Gönguferð úr þorpinu yfir á austurhluta eyjunnar er skemmtilegur valkostur fyrir þá sem heimsækja hana. Þar eru áningarstaðir og upplýsingaskilti.**

Ný leiktæki í miðbæinn

Framkvæmdum er að mestu lokið í Skátagili á Akureyri en þar hefur verið útbúið skemmtilegt leiksvæði sem á eftir að höfða til yngstu kynslóðarinnar. Að sögn Jón Birgis Gunnlaugssonar hjá umhverfis- og mannvirkjasviði Akureyrarbæjar er markmiðið fyrst og fremst að lífga upp á miðbæinn og laða þangað fjölskyldur og fólk á öllum aldri.

Jón Birgir segir að síðar í sumar verði fleiri leiktækjum komið fyrir í miðbænum, þar á meðal rennibraut sem felld verði inn í brekkuna í Skátagili og fleiri leiktæki sett upp, m.a. á Ráðhústorgi.

■ **Leiksvæðið neðst í Skátagili er komið upp. Fleiri leiktækjum verður bætt við í miðbænum í sumar.**

Rúbín kaffi - *gersemi í amstri dagsins*

Ný gjaldskrá Vaðlaheiðarganga

Ný gjaldskrá Vaðlaheiðarganga tók gildi þann 1. júní síðastliðinn og við það lækkaði veggjald hjá þeim sem aka fólksbíl í gegnum göngin án þess að skrá ökutæki sín fyrirfram á heimasíðunni veggjald.is um 40%, fór úr 2.500 kr. í 1.500 kr. Innheimtan er einföld því að lokinni ferð í gegnum göngin stofnast krafa sjálfvirkt í heimabanka hjá eiganda eða umráðamanni ökutækis sem síðan hefur 10 daga til að greiða. Í heimabanka leggst seðilgjald ofan á veggjaldið og því er ennþá ódýrast að borga stakar ferðir á síðunni veggjald.is eða í appi í snjallsímanum. Gjaldskrá fyrir magnkaup á fyrirframkeyptum ferðum fólksbíla er óbreytt og val er um þrjá slíka pakka, þ.e. 10 ferðir, 40 ferðir eða 100 ferðir en mesti afsláttur fæst fyrir þann síðastnefnda og kostar hver ferð þá 700 kr.

Sumarumferðin eykst nú dag frá degi enda aðal sumarleyfistími landsmanna hafinn.

Ekkert aukagjald er fyrir aftanívagna í Vaðlaheiðargöngum og því greiða ferðalangar með hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagna aðeins gjald fyrir ökutækið sjálft.

Vaðlaheiðargöng eru fyrstu jarðgöng hér á landi sem alfarið nota rafrænt og sjálfvirkt innheimtukerfi en göngin voru opnuð fyrir umferð laust fyrir jól árið 2018. Á fyrsta heila rekstrarárinu fóru tæplega 530 þúsund ökutæki um göngin og var umferðin mest í júlí í fyrra þegar rúmlega 78.000 ökutæki fóru í gegn.

Nánari upplýsingar um verðskrá og greiðsluleiðir er að finna á veggjald.is

Við kaup á gleraugum

FYLGIR FRÍTT PAR

af heillituðum sólglerjum í þínum fjærstyrk

SJÓN- OG LINSUMÆLINGAR
hjá Birni Óskari og Katariina í síma 463 1455

Við erum á Facebook og Instagram

Gleraugnaval Geisli

GLERÁRTORGI · SÍMI 463 1455
KAUPANGI · SÍMI 462 1555

ÍSLENSKT Á GRILLIÐ Í SUMAR

Njóttu grillsumarsins með ljúffenga grillkjötinu frá Norðlenska

NORÐLENSKA

– VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

KOLDING
hægindastóll
með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.

Dormaverð: 89.900 kr.

ÚTSALA
15%
AFSLÁTTUR

Aðeins **76.415 kr.**

KOLDING
hægindastóll
með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, rautt eða grátt leður/PVC.

Dormaverð: 119.900 kr.

Aðeins **101.915 kr.**

SEALY

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

SEALY PORTLAND
heilsurúm með Classic botni

ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

STÆRÐ Í CM	FULLT VERÐ DÝNA OG BOTN	ÚTSÖLUVERÐ DÝNA OG BOTN
120x200	155.900 kr.	**124.720 kr.**
140x200	184.900 kr.	**135.920 kr.**
160x200	199.900 kr.	**147.920 kr.**
180x200	214.900 kr.	**159.920 kr.**
180x210	169.900 kr.	**171.920 kr.**
192x203	224.900 kr.	**179.920 kr.**

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Talalay Latex
- 100% bómullaráklæði
- Burstaðir stálfætur
- Kantstyrkingar

SEALY

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

SEALY SEATTLE
heilsurúm með Classic botni

ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

STÆRÐ Í CM	FULLT VERÐ DÝNA OG BOTN	ÚTSÖLUVERÐ DÝNA OG BOTN
90x200	109.900 kr.	**87.920 kr.**
120x200	145.900 kr.	**116.720 kr.**
140x200	159.900 kr.	**127.920 kr.**
160x200	174.900 kr.	**139.920 kr.**
180x200	189.900 kr.	**151.920 kr.**
192x203	214.900 kr.	**171.920 kr.**

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Talalay Latex
- 100% bómullaráklæði
- Burstaðir stálfætur
- Kantstyrkingar

SCAPA

ÚTSALA
15%
AFSLÁTTUR

MEGA
hornsófi

Einstaklega kósí hornsófi í slitgóðu, dökkgráu áklæði. Sófinn fæst í hægri eða vinstri útgáfu (Tunga/horn ekki færanleg). Í baki Mega sófanna er fjöldi lausra púða sem veitir þér enn meiri þægindi. Fæst einnig minni. Stærð: 297 x 241 cm

Fullt verð: 239.900 kr.

Aðeins **203.915 kr.**

SCAPA

ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR

OPUS
u-sófi

Kósí, djúpur u-sófi í slitgóðu, yrjóttu áklæði. Fæst í hægri og vinstri útgáfu, ekki færanleg tunga. Í baki Opus eru stórir bakpúðar (58x58 cm) fyrir enn meiri þægindi.
Stærð: 335 x 227 cm.

Fullt verð: 289.900 kr.

Aðeins **217.425 kr.**

ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

TIVOLI SLIM
svefnsófi

Ítölsk hönnun. Einstaklega góður svefnsófi.
Bakinu hvolft fram á einfaldan hátt, svefnsvæði 140x190 cm. Kemur í svörtu eða dökkgráu slitsterku áklæði.

Fullt verð: 229.900 kr.

Aðeins **183.920 kr.**

Akureyri
Dalsbraut 1
558 1100

11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is
www.betrabak.is
www.dorma.is

DORMA

Láttu draumi

Sumarútsalan í fullu fjöri

www.dorma.is

VEFVERSLUN

ALLTAF OPIN

Í FULLU FJÖRI - EKKI MISSA AF ÞESSU

Sumar útsala

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

DORMA

Láttu drauminn rætast

Betra BAK

HÚSGAGNA HÖLLIN

Tónabúðin

Streymisbúnaður rann út í samkomubanninu

■ **Trausti Ingólfsson, verslunarstjóri Tónabúðarinnar og Styrmir Traustason, afgreiðslumaður.**

Rúmlega tvö ár eru nú liðin frá því að Tónabúðin flutti sig um set á Akureyri og var opnuð í Glerárgötu 30. Trausti Ingólfsson, verslunarstjóri, segir að mjög vel hafi gengið á nýjum stað og gróska verið í verslun með hljóðfæri og búnað sem tónlistarflutningi tengist.

„Eins og við vitum þá sýndi sig að það var tónlistin sem sameinaði okkur í þessu ástandi í vor með stofutónleikum Helga Björns og tónleikum margra listamanna á netinu. Hér í Tónabúðinni urðum við áþreyfanlega varir við verulega aukinn tónlistaráhuga sem kom fram í aukinni sölu á fjölbreyttum búnaði og á sumum sviðum máttum við hafa okkur alla við að eiga nóg af vörum til að geta þjónustað viðskiptavini," segir Trausti en mikil sala var t.d. í streymisbúnaði fyrir netið.

„Þessa tækni nýttu fyrirtæki sér, stofnanir, skólar og einstaklingar. Við höfum dæmi um t.d. tónlistarkennara, skólastjóra, tækniteiknara, háskólakennara og jógakennara sem keyptu slíkan búnað til að kenna, funda eða halda fyrirlestra með streymi yfir netið. Fólk hefur líka verið að kaupa búnað fyrir podcast, hljóðbúnað til að lesa inn hljóðbækur og svona má áfram telja," segir Trausti.

tonabudin.is

Fjölbreytt og líflegt Listasumar

Að vanda verða fjölbreyttar listir fyrirferðarmiklar í menningarlífinu á Akureyri í sumar en Listasumar á Akureyri hefst þann 3. júlí og stendur til mánaðamóta. Þetta er 28. árið sem Listasumar er haldið og dagskráin er einn af föstum viðburðum í bænum yfir sumartímann, líkt og Akureyrarvaka sem verður 28.-29 ágúst.

Almar Alfreðsson, verkefnastjóri menningarmála hjá Akureyrarstofu segir fjölbreytnina einkenna Listasumar á Akureyri. „Á þessu tímabili verða 1-4 viðburðir á dag og því eitthvað við allra hæfi," segir Almar.

Í fjölbreytileikanum eru þó ákveðnir fastir punktar. Sem dæmi eru alltaf viðburðir í Deiglunni í Listagilinu á þriðjudögum, á miðvikudögum er eitthvað um að vera í Listasafninu á Akureyri, viðburðir eru í Menningarhúsinu Hofi á fimmtudögum og í Sundlaug Akureyrar á föstudögum. Helgarviðburðir eru í Davíðshúsi og Deiglunni.

■ **Mikil fjölbreytni er í viðburðum Listasumars. Flestir eiga því að geta fundið eitthvað í dagskránni við sitt hæfi.**

LISTASUMAR
AKUREYRI ART SUMMER

Akureyrarstofa auglýsti styrki fyrir þá sem áhuga hefðu á að taka þátt í dagskrá Listasumars og reyndist hann mikill. „Við réðumst í endurskipulagningu á Listasumrinu fyrir nokkrum árum sem hefur skilað sér vel og gert Listasumar meira sýnilegt öllum bæjarbúum og gestum bæjarins. Með þessu varð dagskráin líka enn fjölbreyttari," segir Almar.

Tónlistarviðburðir eru sem fyrr mjög áberandi í dagskrá Listasumars og margir bjóða upp á listasmiðjur og opnar vinnustofur listamanna. „Það koma líka þátttakendur erlendis frá og ef eitthvað er þá sýnist mér að Covid ástandið hafi jafnvel ýtt undir fjölbreytnina," segir Almar.

listasumar.is

N1 VEGABRÉF

FARÐU ALLA LEIÐ OG

Fylltu landið af fjöri

#vegabréf20

Vertu með í leiknum um allt land í sumar

Nú förum við alla leið og fyllum landið af fjöri með stimplum á N1 stöðvum allan hringinn. Þú færð skemmtilegan glaðning með hverjum stimpli og skilar svo Vegabréfinu inn fullstimpluðu til að eiga möguleika á glæsilegum vinningum í leikslok.

Verum öll með og fyllum landið af fjöri!

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-001151



Gallabuxur

TÍSKUVÖRUVERSLUN GLERÁRTORGI **Opnunartími: Mán til föstud. 10-18.30, laugard. 10-18, sunnud. 12-17**



nadagar

Skoðaðu úrvalið á
imperial.is

IMPERIAL
Akureyri

TÍSKUVÖRUVERSLUN GLERÁRTORGI Opnunartími: Mán til föstud. 10-18.30, laugard. 10-18, sunnud. 12-17

Allt frá glasamottum til glæsilegra húsgagna

■ iittala er eitt af merkjunum sem CASA býður upp á.

■ Í CASA er að finna litskrúðuga lampa frá Kartell.

Verslunin CASA hefur verið rekin á Glerártorgi frá því 9. júní 2016 og að sögn Hildu Eichmann verslunarstjóra hafa viðtökur Akureyringa og nærsveitarmanna verið einstaklega góðar. Hún segir að CASA bjóði stöðugt upp á nýjar vörur sem bætist við fjölskrúðuga flóruna sem er fyrir.

„Vöruúrvalið hjá okkur er breitt og mikið, allt frá glasamottum upp í glæsileg húsgögn. Við erum með heimsþekkt og eftirsótt merki og má nefna í því sambandi Kartell, iittala og Moomin en við erum líklega með mesta úrvalið í þeirri línu. Í fyrrahaust fengum við nýja línu til okkar, Specktrum, og hefur hún heldur betur slegið í gegn.

Þar er boðið upp á glæsilega vasa og stjaka í skemmtilegum litum," segir Hilda í stuttu spjalli.

„Síðustu mánuðir voru skrítið tímabil og óútreiknanlegt en fólk hélt nú áfram að eiga afmæli og svoleiðis og gefa gjafir en nú er allt að glæðast og búið að vera mikið að gera hjá okkur frá byrjun maí sem er bara gleðiefni og lofar góðu það sem eftir er af sumri. Það er virkilega gaman að sjá Glerártorgið iða af lífi aftur. Þá er haustið tilhlökkunarefni og svo byrjar jólagleðin í nóvember. Það er alltaf hægt að hlakka til einhvers," segir Hilda í CASA hress í bragði.

casa.is

■ Fallegir munir frá Specktrum sem er ný lína hjá CASA.

AKUREYRI

Það er *eitthvað* við hana

visitakureyri.is

Metþátttaka í Vegabréfinu sumarið 2020

„Farðu alla leið og fylltu landið af fjöri“ er heitið á vegabréfaleik N1 sem hófst fyrir stuttu. Líkt og undanfarin ár virkar leikurinn þannig að viðskiptavinir fá Vegabréf sem veita stimpil þegar verslað er á N1 stöðvum um land allt. Hver stimpill færir skemmtilega gjöf og þegar Vegabréfið er fullstimplað er því skilað inn á næstu N1 stöð til að eiga möguleika á frábærum vinningum í leikslok.

Metþátttaka var Vegabréfinu strax fyrstu vikuna en alls eru stimplarnir orðnir 18.000, sem gefur til kynna að Íslendingar séu farnir að ferðast um landið sem er mikið gleðiefni.

Flestir þekkja þá bræður Jón Jónsson og Friðrik Dór en þeir prýða Vegabréfið í ár. Vegabréfið samanstendur af 6 stimpilreitum og er glaðningur veittur í hvert skipti.

Glaðningar sem veittir eru gegn stimpli eru: Lays snakkpoki, Salt eða Sour cream, sykurlaust Egils appelsín í dós, Bubs hlauppoki, kókómjólk, Extra Sweet Mint tyggjópakki og Nóa Síríuslengja með karamellu.

■ **Tónlistarbræðurnir Jón Jónsson og Friðrik Dór prýða Vegabréf N1 í ár.**

Margir glæsilegir vinningar eru í pottinum í ár en þeir eru 100 talsins. Aðalvinningurinn er iPhone 11, einnig eru aðrir stórglæsilegir vinningar í pottinum. Þrjú rafmagnshlaupahjól, þrjár Nintendo switch tölvur og þrír Apple AirPods Pro, Serrano gjafabréf, Ísey Skyr Bar gjafabréf og gjafabréf í Lasertag.

Fullstimpluðum miðum er skilað inn á N1 stöðvarnar og verður dregið út í lok leiktímabilsins eða eftir 20. ágúst.



■ **Fjallahlaupið Súlur Vertical verður enn fjölbreyttara í ár því í boði er 55 kílómetra hlaup sem mun sannarlega reyna á hlauparana.**

Súlur Vertical um verslunarmannahelgina

Fjallahlaupið Súlur Vertical á Akureyri verður laugardaginn 1. ágúst næstkomandi en þetta er fimmta árið í röð sem það er hlaupið. Eins og nafnið bendir til liggur leið hlauparanna í lengri vegalengdunum á Súlur og raunar líka upp á Hlíðarfjall en í boði eru þrjár vegalengdir, þ.e. 18 km, 28 km og nú í ár bætist við 55 kílómetra leið. Það hlaup er með 3000 metra hækkun og gefur þrjá ITRA punkta.

Endamark hlauparanna er á Ráðhústorgi í miðbæ Akureyrar og skapast mikil steming þegar þeir koma í mark. Keppendur eru ræstir að morgni laugardagsins og þeir fyrstu koma í mark um hádegi. Þessi viðburður hefur stöðugt vaxið að umfangi og er meðal fárra árlegra viðburða á landinu sem getur haldið sínu striki í sumar, þrátt fyrir sóttvarnartilmæli og takmarkanir á samkomuhaldi.

Velkomin í Eyjafjarðarsveit

kyrrð við bæjardyrnar

www.esveit.is/velkomin



Húsgagnahöllin við Dalsbraut

Stórverslun með húsgögn

„Hjá okkur er mikið úrval af hvers konar búnaði til heimilisins og hér við Dalsbrautina rekum við þrjár verslanir undir sama þaki; Húsgagnahöllina, Betra Bak og Dorma, en þessi fyrirtæki eru í eigu sömu aðila. Við bjóðum Akureyringa og raunar alla íbúa Norðurlands og Austurlands velkomna til okkar," segir Ragna Þórisdóttir, aðstoðarverslunarstjóri Húsgagnahallarinnar á Akureyri.

■ **Búnaður til heimilisins á einum stað. Frá vinstri: Ragna Þórisdóttir, aðstoðarverslunarstjóri, Bjarki Jónasson og Lilja Ómarsdóttir.**

■ **Mikið úrval af húsgögnum, allt frá stofuhúsgögnum til rúma.**

Norðurland og Austurland

Það var í maí árið 2013 sem Húsgagnahöllin opnaði verslun á Akureyri í um 1.400 fermetra húsnæði að Dalsbraut 1 við Glerána. Síðan þá hefur verslunin þjónað svæðinu allt frá Blönduósi í vestri og austur að Höfn í Hornafirði. „Ég hef starfað hér í rúmlega þrjú ár og tíminn verið ótrúlega fljótur að líða enda gaman að hafa nóg að gera og afgreiða ánægða viðskiptavini. Hér starfa að jafnaði um sjö manns og okkar metnaður er að selja gæðavörur á góðu verði og að sjálfsögðu leggjum við okkur fram við að veita eins góða þjónustu og okkur er unnt," segir Ragna.

Húsgögn á tveimur hæðum

Vöruvalið í Húsgagnahöllinni er ótrúlegt og mikil breidd, bæði hvað varðar verð og hönnun. „Hér eiga allir að finna eitthvað við sitt hæfi og ef varan er ekki til á lagernum hér nyrðra erum við fljót að fá hana að sunnan. Það má segja að í Húsgagnahöllinni, sem er á neðri hæðinni, séum við með allt til heimilisins nema það sem á að vera í svefnherberginu. Á efri hæðinni eru hins vegar Betra Bak og Dorma, verslanir sem sérhæfa sig í rúmum og dýnum og bjóða auk þess upp á allan aukabúnað eins og rúmteppi, rúmföt, stóla, svefnsófa, náttborð og allt sem við þurfum á að halda til að gera svefnherbergið þægilegt og aðlaðandi."

Garðúsgögn og smávara

Húsgagnahöllin selur ekki aðeins húsgögn til notkunar innandyra heldur einnig þau sem nýtast utandyra, einkum að sumarlagi. Ragna segir að Húsgagnahöllin hafi fengið nýjar línur í garðhúsgögnum í vor og þau hafa selst eins og heitar lummur það sem af er sumri.

■ **Smávaran er vinsæl.**

„Svo er það auðvitað smávaran hjá okkur sem alltaf er mikil sala í en hér er ótrúlega mikið úrval af alls konar glingri og dúlleríi fyrir heimili eins og kertastjakar, ljós, skrautmunir og púðar svo eitthvað sé nefnt. Þá seljum við alltaf mikið af hinum vinsælu matar- og kaffistellum frá Broste Copenhagen og einnig Bitz sem alltaf vekja jafnmikla lukku."

Húsgagnahöllin á Akureyri er opin virka daga kl. 11-18 og á laugardögum frá kl. 11-16.

husgagnahollin.is

BACCALÁ
BAR & RESTAURANT

Við elskum sumarið!

OPIÐ Í JÚNÍ
ÞRI. – SUN.
12.00 – 21.00

OPNUM FYRIR HÓPA Á MÁNUDÖGUM
HAFIÐ SAMBAND!

SALTFISKUR & FRANSKAR
HEFUR ÞÚ SMAKKAÐ ÞENNAN ?

NÝR MATSEÐILL !
Hvað má bjóða þér ?

HAMBORGARI / KJÚKLINGABORGARI
SALAT MEÐ KJÚKLINGI EÐA ÁN
SÚPA HÚSSINS
PIZZUR
EFTIRLÆTI SKIPSTJÓRANS
FISKUR OG FRANSKAR
SALTFISKUR OG FRANSKAR
SÉRSTAKIR BARNARÉTTIR

blekhonnun.is

BACCALÁ BAR & RESTAURANT – HAUGANESI VIÐ EYJAFJÖRÐ – PANTANIR: 620 1035
POTTARNIR ERU OPNIR MILLI 8 OG 22 / KALDIR Á NÓTTUNNI – TJALDSVÆÐIÐ ER OPIÐ
NÁNAR Á EKTAFISKUR.IS

Verslunarmannahelgin á Akureyri

Látlaus en skemmtileg bæjarhátíð

Samgöngutakmarkanir vegna Covid 19 hafa sett bæjarhátíðir úr skorðum þetta sumarið. Þrátt fyrir það verður líf og fjör á Akureyri yfir verslunarmannahelgina því hátíðin Ein með öllu verður haldin en þó með talsvert breyttu sniði frá því sem verið hefur. Margt verður í boði fyrir alla aldurshópa; tónleikar, böll, íþróttaviðburðir, tívolí, hoppukastalar og keppni í því hver verði fljótastur að hlaupa upp hinar fjölmörgu tröppur að Akureyrarkirkju.

Fjör um allan bæ

„Í ljósi aðstæðna er ekki um það að ræða að blása til stórrar samkomu þetta árið og þess vegna skipuleggjum við Eina með öllu þannig margir en smáir viðburðir dreifast um bæinn. Við vitum að Íslendingar ætla að ferðast innanlands í sumar og Akureyringar vilja, eins og jafnan áður, taka vel á móti gestum sínum um þessa miklu ferðahelgi. Allt verður þó á hófsömum nótum og meira treyst á einstaklingsframtak en áður hvað viðburði snertir. Okkar hlutverk er að halda utan um verkefnið og raða þessu niður fremur en að standa fyrir stórum og dýrum uppákomum. Ég get hins vegar fullyrt að það verður gaman að vera á Akureyri um næstu verslunarmannahelgi," segir Davíð Rúnar Gunnarsson hjá Viðburðastofu Norðurlands.

Skógardagar og markaður

Meðal fastsettra viðburða má nefna Skógardaga í Kjarnaskógi á sunnudeginum en þar getur fjölskyldan rölt um skóginn, átt glaðan dag saman og notið umhverfisins í yndislega veðrinu sem auðvitað verður á sínum stað. Efnt ferður til kynningar á strandhanbolta og strandblaki, keppt í bogfimi og fleira.

Að sögn Davíðs Rúnars verður sannkölluð markaðsstemning á Ráðhústorgi á laugardag og sunnudag frá kl. 13-18. „Þetta er dæmi um atriði sem við höldum utan um en er að öðru leyti á forræði þeirra sem vilja höndla með handverk og hönnunarvöru, antík, matvöru, eitthvað úr geymslunni eða bara það sem fólki dettur í hug. Það kostar ekkert að skrá sig fyrir bás en við biðjum áhugasama um að hafa samband til að hægt sé að raða söluaðilum skemmtilega upp á torgið. Tekið er við skráningum á netfanginu valdislara@gmail.com eða í síma 8434499."

Davíð Rúnar nefnir einnig að í ár verður útbúin ný áskorun fyrir hjólreiðafólk og boðið upp á staffræna hjólreiðakeppni í nýjum stíl. Nánari upplýsingar á akureyri.bike.is þegar nær dregur verslunarmannahelgi!

Mömmur og möffins

„Ég hvet alla til að skoða heimasíðuna okkar þegar nær dregur en við erum að bæta inn á hana þeim atburðum sem eru fastsettir. Ein með öllu hefur að nokkru leyti verið nýtt til fjáröflunar fyrir ýmsa aðila sem sinna góðgerðarmálum og í ár mun hópurinn Mömmur og möffins standa fyrir sölu á heimagerðu góðgæti í Lystigarðinum til styrktar fæðingardeildinni á Akureyri. Þar er upplagt tækifæri til að koma, kæta bragðlaukana og styðja við gott málefni í leiðinni."

einmedollu.is

Opið: Mán - fös 10 - 18 Lau. 11 - 16

Joe´s og JMJ eru til húsa að Gránufélagsgötu 4 Akureyri

Húsasmiðjan og Blómaval á Lónsbakka

Norðlendingar í framkvæmdahug í sumar

■ Sýningarsvæði fyrir útigrill, sólhúsgögn og aðrar sumarvörur.

■ Mikið er að gera í málningardeildinni enda mikill framkvæmdahugur í Norðlendingum, sem öðrum landsmönnum.

„Sumarið fór af stað af miklum krafti hjá okkur og alveg greinilegt að fólk er í framkvæmdahug á sínum heimilum, bæði í viðhaldi á fasteignum utandyra sem innandyra og einnig í garðinum. Það hefur til dæmis selst mikið af pallaefni og stöðugt að koma nýjast sendingar til okkar af því. Pallaefni er dæmi um vörur sem við höfum selt mun meira af síðustu vikur en venjulega á þessum árstíma," segir Kristín Dögg Jónsdóttir, rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar á Akureyri og Húsavík.

Garðvörurnar seljast grimmt

Kristín Dögg segir í reynd mikla sölu í öllum vörum sem tengjast garðinum, hvort heldur eru garðhúsgögn eða grillvörur. Augljóslega ætli Norðlendingar að fagna sumarsólinni eftir langan og erfiðan vetur og njóta þess að gera garða sína fína.

„En við sjáum líka mikla sölu í öllu sem framkvæmdum tengist, t.d. málningu, verkfærum og þess háttar. Mikilvægur þáttur í okkar starfsemi er þjónusta við byggingafyrirtæki og -verktaka sem við sjáum að hafa mikið að gera. Það er því bjart yfir Norðlendingum á framkvæmdasviðinu í sumar," segir Kristín Dögg.

■ Litskrúðugt er á þessum árstíma á útisvæðinu hjá Blómavali þar sem sumarblómin fást.

Sumarblómin í Blómavali

Um árabil hafa Húsasmiðjan og Blómaval starfað undir sama þaki í húsinu á Lónsbakka en síðasta haust var Blómaval fært til innanhúss og segir Kristín Dögg að sú breyting hafi komið vel út.

„Vöruúrval Blómavals er það sama og áður og til dæmis hefur verið litskrúðugt á útisvæðinu okkar síðustu vikur þar sem við höfum selt sumarblóm og plöntur. Við erum líka komin með stærra sýningarsvæði fyrir grillin og garðvörurnar þannig að viðskiptavinir geta séð úrvalið enn betur. Til viðbótar erum við með úrval af útivistarvörum til sýnis enda má búast við því að Norðlendingar, eins og aðrir landsmenn, ætli að vera á ferðinni innanlands og þurfi því á útvistarvörum að halda," segir Kristín Dögg.

husa.is

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

jardbodin.is

Matarstígur Helga magra í Eyjafjarðarsveit

Bændamarkaðir og matarhátíð í sumar

■ Eggert Jóhannesson, (t.h) starfsmaður Hölds á Akureyri, afhenti Karli Jónssyni og Matarstígnum rafmagnsbíl á dögunum sem notaður verður til að flytja afurðir framleiðenda í Eyjafjarðarsveit með vistvænum hætti til viðskiptavina.

■ „Hér í Eyjafjarðarsveit erum við vel sett og fjölbreytnin hjá okkur er mikil í bæði matvælaframleiðslunni og ferðaþjónustu," segir Karl.

„Aðal tilgangur verkefnsins er að sameina matvælaframleiðendur, veitingaaðila og ferðaþjónustuna í eitt verkefni og búa til mataráfangastað á heimsvísu í Eyjafjarðarsveit. Það þýðir að í senn ætlum við að auka hag matvælaframleiðenda jafnframt því að fá fleiri ferðamenn á svæðið," segir Karl Jónsson, framkvæmdastjóri verkefnisins Matarstígs Helga magra í Eyjafjarðarsveit sem hleypt var af stokkunum í vor.

Nýtt merki Matarstígs Helga magra. Matarhátíðin 7.-9. ágúst verður hápunktur verkefnisins í sumar.

Öflug matvælaframleiðsla í Eyjafjarðarsveit

„Hér í Eyjafjarðarsveit erum við vel sett hvað þetta varðar. Fjölbreytnin hjá okkur er mikil í bæði matvælaframleiðslunni og ferðaþjónustu," segir Karl en hugmyndin að Matarstíg Helga magra þróaðist innan Ferðamálafélags Eyjafjarðarsveitar og eiga nú margir í framleiðslu og ferðaþjónustu aðild að verkefninu.

Uppsprettur, bændamarkaðir og matarhátíð

Þeir sem sækja Eyjafjarðarsveit heim í sumar geta kynnst því sem er verið að þróa í starfi Matarstígsins. Bæði munu einstakir framleiðendur og ferðaþjónustuaðilar verða með dagskrá á tilteknum dögum, svokallaða Uppsprettu, þar sem þeir bjóða fólki í heimsókn og kynna sínar vörur og þjónustu.

Bændamarkaðir Matarstígsins verða við Hrafnagilsskóla laugardagana 11. og 25. júlí, 22. ágúst, 5. og 19. september. Hápunktur sumarsins hjá Matarstíg Helga magra verður svo helgina 7.-9. ágúst þegar verður þriggja daga matarhátíð.

„Handverkshátíðin okkar hefur verið þessa helgi í langan tíma en var nú frestað vegna kórónuveirufaraldursins en hugmyndin er að vera með matarmarkað við Hrafnagilsskóla, veitingaaðilar verða með matartengda viðburði og margt annað skemmtilegt er í vinnslu. Hugmyndin er að þessi matarhátíð verði síðan fastur liður við hlið Handverkshátíðarinnar í framtíðinni en sveitarfélagið hefur stutt dyggilega við bak okkar í þessu verkefni," segir Karl.

Jafnframt þessu er unnið að því að bjóða upp á skipulagðar hringferðir frá Akureyri um Matarstíginn, verkefnið hefur einnig fengið rafmagnsbíl til afnota sem hugmyndin er að nota til að dreifa afurðum framleiðenda með vistvænum hætti en ætlunin er að koma upp sameiginlegri sölusíðu matvæla fyrir þátttakendur í Matarstígnum og styðja þá þannig til að koma vörum sínum til viðskiptavina.

matarstigur.is

Tónlistarbærinn Akureyri

Opið daglega:
kl. 10-17 1. júní til 31. september / kl. 13-16 1. október til 31. maí

Aðeins kr 2.200

MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM

Aðalstræti 58, Akureyri · Sími 462 4162 **minjasafnid.is**

Casa Glerártorgi Akureyri

SPECKTRUM
Selma vasi Verð 7.290 kr
Crush Couple kertastjaki Verð 7.490 kr
Square kertastjaki Verð 7.290 kr
Storm kertastjaki Verð 8.990 kr

UMAGE EOS
Champagne lampi
Verð frá 28.900 kr
Mini loftljós Verð 14.900 kr
Medium lofljós Verð 20.900 kr

ROSENDAHL
Hitakanna 1l Verð frá 8.990 kr
Ferðamál Verð frá 2.990 kr

BIALETTI
Pressukanna Verð frá 1.990 kr
Mokkakanna Verð frá 2.990 kr

HEKLA Hestur
Verð frá 10.900 kr

KORRIDOR
steypudýr
Verð 7.990 kr

LYKKETROLD
Verð frá 3.990 kr

CHARLOTTE N.
Stjörnumerkjamynd
Verð frá 2.990 kr

RITZENHOFF
Kampavínsglas
Verð frá 2.550 kr

MR. WATTSON
Verð 16.990 kr

NAILBERRY
Naglalakk
Verð 3.300 kr

KAY BOJESEN
Söngfugl
Verð 13.900 kr

STOFF NAGEL
Kertastjaki
Verð frá 5.750 kr stk

KARTELL
Componibili 3ja hæða
Verð frá 18.900

Battery lampi
Verð frá 21.900 kr

Brúðargjafir

KARTELL Jellies

Glas Verð frá 2.190 kr stk
Matardiskur 27cm Verð 4.290 kr stk
Skál 13,5cm Verð 2.890 kr stk
Salatskál 32cm Verð 14.900 kr
Karafla Verð 10.900 kr

Þú færð **gjöfina** hjá okkur

HEICO lampi
Verð frá 9.900 kr

KAY BOJESEN
Sængurverasett
Verð 8.490 kr

OYOY
Diskamotta
Verð 2.290 kr

Smekkur m. ermum
Verð 3.390 kr

STELTON x MOOMIN
Vatnsflaska 75cl Verð 5.990 kr
Ferðamál Verð frá 4.590 kr

Smekkur
Verð 2.290 kr

DESIGN LETTERS
Baby's First Book Verð 7.990 kr
Barnamatarsett Verð 5.990 kr
Stafabolli Verð frá 1.690 kr

RITZENHOFF
Húsilmur
Verð 3.390 kr

WESCO Breadboy
Brauðbox
Verð frá 11.900 kr

SKAGERAK
Skurðarbretti
35x24cm
Verð 12.900 kr

HOLMEGAARD
Kokteilglas 29cl Verð 2.190 kr stk
Kertalukt grá Verð frá 9.990 kr

KÄHLER
Hammershoi vasar
Verð frá 2.990 kr

Casa
www.casa.is

Gjörbreytt verslun Imperial opnuð síðsumars

„Við ætlum að mæta aukinni samkeppni með enn stærri verslun og öflugri þjónustu við okkar viðskiptavini. Ánægðir viðskiptavinir eru það sem gefur mér mest á hverjum degi í þessu starfi," segir Halldór Magnússon, eigandi tískuvöruverslunarinnar Imperial á Glerártorgi en miklar framkvæmdir eru nú að hefjast í verslunarrýminu. Verslunin verður stækkuð og innréttuð upp á nýtt frá grunni. Með öðrum orðum gjörbreytt verslun en sömu áherslur í fatnaði fyrir konur og karla, auk þess sem nú verður bætt við sérstakri skódeild.

„Þetta verða stærstu breytingar sem hér hafa verið gerðar frá því að við opnuðum árið 2008. Ég vonast til að við getum opnað um miðjan ágústmánuð en á meðan mestu framkvæmdirnar standa yfir munum við færa verslunina í rými handan við ganginn," segir Halldór sem hefur starfað við sölu tískufatnaðar í um 25 ár en fyrir stofnun Imperial á sínum tíma starfaði hann m.a. í tískuvöruversluninni 17 í Reykjavík sem hann segir hafa verið dýrmæta reynslu.

„Þar starfaði ég við hlið Bolla Kristinssonar, eiganda 17, og það sem ég lærði af þeim mikla meistara í faginu hefur síðan nýst mér vel hér í Imperial," segir Halldór.

Covid tíminn mjög krefjandi

Hann leynir því ekki að síðustu vikur og mánuðir hafi verið mjög krefjandi. Áhrif Covid faraldursins á reksturinn hafi verið gífurlega mikil.

■ **Halldór Magnússon, eigandi tískuverslunarinnar Imperial á Glerártorgi.**

„Ég hef alla tíð farið erlendis til að kaupa inn vörur en núna lokaðist bæði á slík ferðalög, sem og flutningsleiðir. Auk þess fór salan niður í 20-30% af því sem hún er venjulega á vorin. Starfsfólkið mitt hefur staðið sig einstaklega vel við þessar erfiðu aðstæður að halda öllu gangandi og þetta tímabil hefur um margt verið mun erfiðara en hrunið var á sínum tíma."

Verslunin að aukast hratt

Halldór segir gott samstarf við Fasteignafélagið Eik, eiganda Glerártorgs, hafa verið mikla hvatningu til að fara út í framkvæmdirnar í versluninni. Breytingarnar voru hannaðar hjá þekktu hönnunarfyrirtæki í Bretlandi og segist Halldór spenntur að bjóða viðskiptavini sína velkomna í gjörbreytta verslun innan tíðar.

„Verslunin hefur tekið vel við sér síðustu vikur og ég skynja að Íslendingar ætla að standa saman í gegnum þessar þrengingar, líkt og oft áður. Ég er þess vegna bjartsýnn á komandi mánuði," segir Halldór.

imperial.is

■ **Eftir breytingar verður verslun Imperial hátt í 500 fermetrar að stærð. Útliti og innréttingum verður gjörbylt.**

HÁLSMEN
15.900

HÁLSMEN
15.900

HRINGUR
15.900

HRINGUR
14.900

HÁLSMEN
17.900

HÁLSMEN
14.900

EYRNALOKKAR
9.900

EYRNALOKKAR
9.900

ARMBAND
15.000

ARMBAND
19.900

HRINGUR
29.900

HRINGUR
19.900

Halldór Ólafsson
ÚR OG SKARTGRIPIR
GLERÁRTORGI - SÍMI 462 2509

EYRNALOKKAR
11.700

Merino fyrir allan aldur

„Hér á Glerártorgi er vaxandi líf með auknum ferðamannastraumi og við í Ullarkistunni höfum nóg að gera við að afgreiða fólk sem hyggur á útiveru í sumar. Við bjóðum m.a. upp á fatnað úr hinni viðfrægu Merino ull undir norska merkinu Janus en hann eigum við fyrir fólk á öllum aldri, ekki síst fyrir börn og unglinga," segir Eydís Jóhannesdóttir, verslunarstjóri í Ullarkistunni.

■ **Sigrún Freysdóttir (t.v.) og Eydís Jóhannesdóttir í Ullarkistunni við rekka með nýrri barnafatalínu frá Janus. „Við bjóðum hlýjan ullarfatnað í ferðalagið og mælum sérstaklega með Merino léttullinni sem er nýjung hjá okkur."**

Léttullin það nýjasta

Ullarkistan er með nýja línu frá Janus sem er unnin úr léttri Merinoull sem er einstaklega þunn og gott að vera í þegar fólk er á hreyfingu, t.d. að ganga eða hjóla. „Þó við vonum auðvitað að sólin skíni á sem flesta í sumar þá vitum við að oft er kalt á kvöldin og þá kemur sér vel að hafa hlý og notaleg ullarföt meðferðis. Einnig erum við með fjölbreytt úrval af yfirhöfnum úr þessari gæðaull fyrir allan aldur og bæði kyn. Þá bjóðum við ýmsa aukahluti frá Janus eins og sokka, kraga, eyrnabönd, húfur, hanska, fingravettlinga og mikið úrval af dúnmjúkum ullarfatnaði fyrir þau allra minnstu, t.d. samfellur og heilgalla. Frá Safa erum við með m.a. sokka og sokkabuxur fyrir dömur, boli, ullarbuxur og sokka fyrir herrana svo eitthvað sé nefnt," segir Eydís.

ullarkistan.is

HÓTEL
VEITINGASTAÐUR
KAFFI SEL

Sel - Hótel Mývatn
Mývatn ehf.
www.myvatn.is

VELKOMIN

Gisting, veitingar, fundaraðstaða, einstök náttúra og fuglalíf



MATSEÐILL 11:30 - 21:00 // KAFFI SEL OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR KL. 10 - 18

Gistitilboð - Gistitvenna – 2 nætur á verði einnar!

tripadvisor

SEL - HOTEL MÝVATN & KAFFI SEL
Skútustaðir, 660 Mývatn - Sími 464 4164 - myvatn@myvatn.is

Förum saman inn í sumarið!

Sumarið byrjar í Sjallanum

Opið 8-18 á virkum dögum og 10-14 á laugardögum

AB varahlutir

Glerárgötu 7 (Sjallanum) | 415 6 415 | akureyri.ab.is

Einstök upplifun

BJÓRBÖÐIN SPA - Ægisgata 31 - 621 Árskógssandi
Sími 4142828 - Email: bjorbodin@bjorbodin.is

Hægt er að bóka í bað og nálgast upplýsingar um opnunartíma á www.bjorbodin.is

BJÓRBÖÐIN
SPA

TÓNLIST ER FYRIR ALLA

Hljóðfæri
Hljóðkerfi
Hljómtæki
Sviðsbúnaður
Upptökubúnaður
Heyrnartól
Hljóðnemar

TÓNABÚÐIN
Glerárgötu 30 | 600 Akureyri | Sími 462 1415
www.tonabudin.is

Stofnuð 1966

Ný reiðhjóla- og útivistarverslun á Akureyri

Í vor var opnuð við Dalsbraut á Akureyri ný útivistarverslun, Útisport, sem er í eigu sömu aðila og Sportver á Glerártorg. Útisport mun leggja áherslu á útivistarvörur árið um kring og sér í lagi á hjólin og tilheyrandi vörur á sumrin en skíði og aðrar vetrarsportsvörur á veturna.

■ Jónas Stefánsson með öflugt hjól frá GT.

Rafhjólin frábær viðbót

Jónas Stefánsson, starfsmaður í Útisporti hefur stundað hjólaútivist mörg undanfarin ár og keppt á hjólum. Hann segir stöðugt aukna eftirspurn eftir rafhjólum sem henti einkar vel á Akureyri þar sem eru stuttar vegalengdir og nóg af brekkum til að spreyta sig í. Hann segir fólk bæði kaupa sér hjólin sem samgöngu- og sem leiktæki enda fjölmargar útfærslur í boði.

■ Í vinnufatadeild Útisports er fatnaður frá Helly Hansen.

■ Reiðhjólahjálmar fyrir allar gerðir hjólareiða, frá Lazer, Bell o.fl.

Fatnaður, aukahlutir og hjólaviðgerðir

Auk þess að vera með umboð fyrir GT hjól selur Útisport hjólamerkin Cube og Trek og býður einnig fjölbreytt úrval aukahluta. Þá er góð viðgerðar- og varahlutaþjónusta í boði. Útisport býður einnig úrval hjólafatnaðar frá m.a. Pearl Izumi, Endurance, Craft og Salomon. Útisport er viðurkenndur þjónustuaðili fyrir Shimano og Bosch og selur einnig vinnufatnað frá Helly Hansen.

facebook.com/utisportak

Fjölskylduvæn gisting við Grenivík

Skammt frá Grenivík er Grýtubakki 1 en það er rúmgott, mikið endurnýjað einbýlishús á samnefndri jörð. Húsið, sem hentar vel til gistingar fyrir fjölskyldur eða aðra smærri hópa, er aðeins í 3,5 km fjarlægð frá Grenivík þangað sem hægt er að sækja sér ýmsa þjónustu. Þá tekur aðeins tæpan hálftíma að aka til Akureyrar.

Húsið að Grýtubakka 1 er búið öllu því sem gerir dvölina sem notalegasta. Mögulegt er að leigja aðeins jarðhæðina sem er með gistirými fyrir 8 manns en einnig er hægt að leigja efri hæð og þá er gistirými fyrir allt að 13 manns

Grýtubakkahreppur er falleg og friðsæl sveit. Staðurinn er því paradís fyrir náttúruunnendur hvort sem menn kjósa að fara í gönguferðir, veiðiferðir eða lautarferð með fjölskyldunni.

■ Heiti potturinn að Grýtubakka 1 er vinsæll og útsýnið frábært.

grytubakki.is

Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!

RÚM

ÍSLENSKT

gjörið svo vel





RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími 555 0397 | www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á **facebook**

Virka daga opið frá kl 09:00 til kl 18:00 - Laugardaga opið frá kl 10:00 til kl 14:00 - Sunnudaga lokað

AKUREYRARAPÓTEK ER OPIÐ ALLA DAGA ÁRSINS

VIRKA DAGA	9-18
LAUGARDAGA	10-16
SUNNUDAGA	12-16

AKUREYRARAPÓTEK

www.akap.is • Kaupangi v/ Mýrarveg • sími 460 9999

JANUS
NORWAY
since 1895

FYRIR ÆVINTÝRI SUMARSINS

Ullarkistan
ullarkistan.is

Hjá okkur finnur þú mikið úrval af ullarfatnaði fyrir alla fjölskylduna. Bæði þunnan og þykkan, til að nota sem innsta lag eða millilag. Einnig mikið úrval af ullarsokkum á stóra sem smáa.

Skeifunni 3b - Laugavegi 25 - Glerártorgi

Penninn Eymundsson

Bækur og kaffi í bland

„Það er alltaf eitthvað um nýútgefnar bækur yfir sumarið, einkum kiljur, og ferðamennirnir eru sólgnir í slíkt nýmeti nú sem endranær," segir Guðný Ketilsdóttir, verslunarstjóri í Pennanum Eymundsson á Akureyri. Sú góða búð er auðvitað enn á sínum stað í KEA húsinu við Hafnarstræti, raunar ekki aðeins sem verslun með bækur og gjafavörur heldur og kaffihús þar sem gott er að tylla sér niður, kíkja í bók eða lesa blöðin.

■ **Penninn Eymundsson er í miðbæ Akureyrar.**

Íslendingarnir velkomnir

Guðný segir allt benda til að mun minna verði um erlenda ferðamenn í sumar en þó sé of snemmt að segja til um hversu mikill samdrátturinn verði. „Það er nýbúið að opna landið aftur og svo vitum við ekki hvað verður með komu stóru skemmtiferðaskipanna hingað í sumar. Allt er óvissunni háð þessa dagana en við verðum bara að vona það besta. Íslendingarnir verða sennilega meira á faraldsfæti og við bjóðum þá innilega velkomna hingað til okkar hvenær sem er. Hér í Pennanum Eymundsson á Akureyri er opið alla virka daga kl. 9-22 og kl. 10-22 um helgar."

Ekki bara bækur

Penninn Eymundsson er eins og allir vita gamalgróin bóka- og ritfangaverslun en er í raun miklu meira en það. „Það má segja að við séum miklu fremur alhliða afþreyingarverslun því hér er auk bóka og tímarita að finna mikið úrval af gjafavöru, spilum og leikföngum og meira að segja er hægt að kaupa hlaupahjól hér í Pennanum Eymundsson. Við leggjum okkur ekki hvað síst fram við að koma til móts við þarfir yngstu viðskiptavinanna og hér er ýmislegt að fá sem styttir þeim stundir í útilegunni eða á ferð um landið með sínu fólki," segir Guðný.

penninn.is

Ásókn í nám við Háskólann á Akureyri

Þriðja árið í röð bárust Háskólanum á Akureyri meira en 2.000 umsóknir um nám. „Við erum einstaklega stolt af þessari miklu fjölgun nemenda síðustu árin sem er vitnisburður um það góða starf sem á sér stað innan fræðasviða og deilda háskólans," segir Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA.

Háskólinn á Akureyri hefur þó þurft að takmarka aðgengi að skólanum á síðustu árum umfram það sem gert er í öðrum opinberum háskólum. Þrátt fyrir það er nemendafjöldi sá mesti frá upphafi. Ljóst er að erfitt verður að forgangsraða umsóknum fyrir komandi skólaár og staðreyndin er sú að komi ekki til aukinna fjárveitinga til skólans fyrir næsta skólaár mun Háskólinn á Akureyri þurfa að hafna allt að helmingi þeirra umsókna sem bárust.

■ **Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri.**

Það sveigjanlega námsfyrirkomulag sem hefur verið byggt upp við Háskólann á Akureyri á síðustu árum gerir fleirum kleift að sækja sér menntun. Eyjólfur vísaði í aðgengi að háskólanámi í brautskráningarávarpi sínu þann 13. Júní og sagði meðal annars að háskólar verði að vera öllum landsmönnum opnir, óháð búsetu. „Þar gegnir Háskólinn á Akureyri lykilhlutverki," sagði rektor.

unak.is

Alvöru

ljósmyndavöruverslun!

Canon EOS myndavélar

- ✓ Framköllun
- ✓ Stafræn Prentun
- ✓ Stækkanir
- ✓ Rammar
- ✓ Risaprentun
- ✓ instagram prentun
- ✓ Strigamyndir
- ✓ instax vélar og filmur
- ✓ Filmur 35mm
- ✓ Filterar
- ✓ Minniskort
- ✓ Rafhlöður
- ✓ Töskur
- ✓ Hleðslutæki
- ✓ Snúrur

GoPro
Be a HERO.

Vélar og aukahlutir

DJI

Drónar og aukahlutir

MAVIC AIR 2

www.pedro.is
Stofnað árið 1965

Pedromyndir
Skipagata 16 • 600 Akureyri • 462-3520

■ Bjórfyllt viðarkerin eru fyllt með blöndu af vatni, ungum bjór, geri og humlum.

■ Kaldur á krana er alltaf innan seilingar.

Unaður í bjórbaði

Bjórböðin SPA á Árskógssandi við Eyjafjörð eru eina heilsulind sinnar tegundar á Norðurlöndum en þau voru opnuð sumarið 2017 og hafa notið mikilla vinsælda. Það er einfaldlega unaðslegt að slaka á þessari einstöku heilsulind norður við heimskautsbaug og njóta hvíldaraðstöðunnar, þjónustu, veitinga og náttúrunnar allt um kring.

Fjölskyldan að baki Björböðunum SPA hefur frá árinu 2006 rekið bjórverksmiðju á Árskógssandi og framleiðir bjórinn Kalda en verksmiðjan var fyrsta handverksbrugghúsið hér á landi. Nú í júlí mun Kaldi í fyrsta sinn koma með dósir á markað með Sumar Kalda og ljósum Kalda.

Ker og krani

Hin eiginlegu bjórböð eru tveggja manna viðarker, sérsmíðuð úr Kambalavið frá Ghana. Kerin eru í lokuðum klefum, eitt í hverjum klefa og er baðvatnið með notalegum hita, blanda af hreinu vatni úr Sólarfjalli ofan Bjórbaðanna SPA, humlum úr Kalda bjórnum, ungum bjór og svonefndu „bruggarageri“. Gerið er próteinríkt og inniheldur nánast allan B-vítamín skalann sem gerir húðinni mjög gott. Humlarnir hafa einnig góð áhrif á sýrustig líkamans og eru ríkir



■ Utandyra eru heitir pottar og náttúran allt í kring.

af andoxunarefnum. Gestir eru í baðinu í 30 mínútur, við hlið kersins er bjórdæla og geta gestir gætt sér á Kalda að vild. Að loknu baðinu njóta gestir hvíldar í slökunarherbergi í 25 mínútur. Þar ná margir að sofna og fá hina fullkomnu hvíld eftir baðið.

Gufubað og pottur

Í Bjórböðunum SPA er einnig hægt að fara í gufubað og í heitan pott utan dyra og njóta einstaks útsýnis yfir

■ Veitingasalurinn er glæsilegur og matur og drykkur á boðstólum.

hafið og fjöllin við Eyjafjörð. Í veitingasal Bjórbaðanna SPA er lögð áhersla á bjórtengdar veitingar og að sjálfsögðu er úrval af nýjum og ferskum Kalda á dælu. Gestum gefst nú kostur á að panta rútuferðir frá Akureyri og Dalvík. Allar nánari upplýsingar um opnunartíma og bókanir er að finna á vefsíðunni.

bjorbodin.is.

Í yfir 12 ár...

...hefur Hreint boðið viðskiptavinum sínum á Akureyri upp á faglega og persónulega þjónustu á sviði ræstinga. Við byggjum hana á yfir 35 ára reynslu okkar í alhliða ræstingum. Hreint er Svansvottað fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á umhverfismál, gæði og góð samskipti.

Hreint
RÆSTING

Reykjavík
Akureyri
Hveragerði
Selfoss
Akranes

www.hreint.is

UMHVERFISMERKI
Ræstingaþjónusta

2015 2019
Framúrskarandi fyrirtæki

Verslun Lindex fer í sparifötin

■ Albert Þór Magnússon og Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, eigendur Lindex, eru full þakklætis fyrir þær viðtökur sem Lindex hefur fengið á Glerartorgi.

■ Nýja innréttingahönnun Lindex ber heitið CLEAN og leit fyrst dagsins ljós við opnun verslunarinnar í London. Verslun Lindex á Glerártorgi fær þetta útlit.

„Það má segja að verslun Lindex fari með þessu í sparifötin, enda viðeigandi á 20 ára afmælisári verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs. Um leið erum við að undirstrika þakklæti okkar til viðskiptavina fyrir móttökurnar við opnun Lindex fyrir sex árum og þann mikla meðbyr sem við höfum fengið síðan," segir Albert Þór Magnússon, annar aðaleigenda verslunarinnar Lindex á Glerártorgi en hún verður tekin í allsherjar endurnýjun á innréttingum og útliti nú síðsumars og í byrjun hausts.

„Verslunin á Akureyri fær sama útlit og innréttingar og við höfum verið að setja í verslanirnar okkar í Smáralind og Kringlunni. Þetta er mikil breyting og í raun algjörlega ný verslun," segir Albert Þór.

„Við tókum á sínum tíma fjögur bil og sameinuðum í eitt og áfram verður hún stærsta verslun okkar utan höfuðborgarsvæðisins," segir Albert Þór. „Við vinnum þetta í áföngum þannig að verslunin verður opin meðan á framkvæmdunum stendur en væntanlega lokum við í fáeina daga í lok verksins í haust. En það verður mikið ánægjuefni að bjóða viðskiptavinum upp á nýja gjörbreytta og fallega verslun. Glerártorg þjónustar mjög stórt markaðssvæði og við erum mjög þakklát fyrir móttökur sem við höfum fengið á þessum sex árum. Strax á fyrstu vikunni fengum við gestafjölda sem svarar til allra bæjarbúa á Akureyri og það er eitthvað sem enginn átti von á. Sú þróun hefur einungis haldið áfram og í raun vaxið. Við teljum okkur lánsöm að eiga bestu viðskiptavini í heimi og ætlum núna að gera enn betur með endurbættri verslun."

lindex.is

KORTASALA
HEFST Í ÁGÚST

FYLGSTU MEÐ Á WWW.MAK.IS

KAUPMANNAFÉLAG
AKUREYRAR
Velkomin
til Akureyrar

■ Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.

SinfoniaNord verkefnið í stöðugri sókn

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands segir sveitina geta skapað enn fleiri störf á tónlistarsviðinu í framtíðinni fái hún að starfa sem atvinnusinfóníuhljómsveit.

„SinfoniaNord verkefnið hefur gengið framar vonum á þeim fimm árum sem liðin eru frá því við tókum kvikmyndatónlist fyrst upp og er sífellt að vaxa. Mín sýn er að við verðum með 2-4 slík verkefni á mánuði sem skapar nýjan grundvöll fyrir tónlistarfólk til að setjast hér að á Akureyri og vinna við framleiðslu á kvikmyndatónlist og önnur verkefni," segir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.

Stuttu eftir að Þorvaldur Bjarni tók til starfa hjá MAk árið 2015 tóku hjólin að snúast í SinfoniaNord verkefninu og saman lágu leiðir þeirra Þorvaldar Bjarna og Atla Örvarssonar, tónskálds, sem á sama tíma var að flytja til Akureyrar frá Bandaríkjunum.

Þorvaldur Bjarni segir að þeir hafi deilt sömu framtíðarsýn á möguleikana á að framleiða kvikmyndatónlist fyrir viðskiptavini vítt um heim, nýta starfskrafta tónlistarfólks á Akureyri og í raun víða um land og síðast en ekki síst að nýta þá góðu aðstöðu sem er í menningarhúsinu Hofi á Akureyri til að vinna þessi verkefni. Þar með fóru hjólin að snúast.

Netflix birtist í miðju Covid

„Verkefnið hefur síðan þá verið stöðugt að vaxa og náði raunar hæstu hæðum nú í miðju Covid þegar Netflix komst að því eftir símtal við Atla að við gætum, þrátt fyrir allar samkomutakmarkanir, framleitt kvikmyndatónlist fyrir efnisveituna. Yfirmaður tónlistarsviðs Netflix setti sig þá í samband við okkur hjá SinfoniaNord og við keyrðum þetta í gang. Þetta var flókið verkefni og kallaði meðal annars á þjónustu hjúkrunarfræðinga, öryggisvarða og starfsfólks í sóttvörnum á staðnum en allt gekk þetta upp," segir Þorvaldur Bjarni en auk Netflix hefur SinfoniaNord framleitt tónlist fyrir t.d. Sony, BBC og Disney, svo að nokkur heimsþekkt fyrirtæki séu nefnd. Síðasta stóra upptökuverkefni var nú í júní þegar SinfoniaNord hljóðritaði tónlist Atla Örvarssonar við kvikmyndina The Hitman's Wife's Bodyguard, klassíska tónlist fyrir breska tónskáldið Sarah Class og tónlist Ilan Eshkeri við nýja breska sjónvarpsseríu og stóðu þær upptökur í fimm daga.

Allt í veiðina

Abu Garcia FOR LIFE
HARDY ALNWICK | ENGLAND
Berkley Catch More Fish.
Shakespeare SINCE 1897
GREYS TRUST YOUR INSTINCT
PENN
G·Loomis
SHIMANO

ÚTIVIST & VEIÐI

útivistarverslun - Kaupvangsstræti 4 - 600 Akureyri
Sími 461 1516 - www.utivistogveidi.is

Atvinnunýsköpun og gjaldeyrisöflun

Að hverju verkefni geta komið allt að 100 manns, bæði tónlistarfólkið sjálft, upptökulið og aðrir starfsmenn. Stór hópur kemur af höfuðborgarsvæðinu en einnig fólk víðar af landinu.

„Á meðan á stendur þarf á mikilli þjónustu að halda hér á svæðinu, t.d. gistingu, mat, samgöngum og fleiru. Þetta er því mjög atvinnuskapandi starfsemi og spennandi nýsköpun í atvinnulífinu á Akureyri sem auk þess skapar umtalsverðan gjaldeyri fyrir þjóðarbúið," segir Þorvaldur Bjarni. Hann segir tekjur Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands af framleiðslu kvikmyndatónlistarinnar breyta umfangi starfseminnar í heild en hins vegar sé vandaverk að finna flöt til að gera hana samkeppnisfæra í þessari framleiðslu. „Kostnaður við innanlandssamgöngurnar gera okkur erfitt fyrir og ég vona að okkur takist í samstarfi við ríki og bæ að leysa það til frambúðar. Ég hef líka trú á að hið opinbera tryggi okkur stuðning í framtíðinni til að sinna okkar hlutverki sem atvinnusinfóníuhljómsveit, halda reglulega sígilda tónleika, miðla klassískri tónlist til ungu kynslóðarinnar í grunnskólunum og svo framvegis. Þá má gefa verulega í því eins og er fáum við styrk sem dugar aðeins til að halda þrenna tónleika á ári. Hljómsveit sem heldur svo fáa tónleika getur ekki talist atvinnuhljómsveit en við bætum okkur það upp með SinfoniaNord verkefninu. Rétt væri að tryggja hljómsveitinni starfsgrundvöll með raunhæfu fjármagni en eins og er fær SN aðeins 3-4 % af því sem sambærilegar stofnanir í Reykjavík fá frá hinu opinbera. Með þeirri viðbót sem verkefnin í kvikmyndatónlistinni eru þá skapast grundvöllur til að gera enn meira og styrkja um leið allt tónlistarstarf hér fyrir norðan. Það er gríðarleg eftirspurn eftir sinfóníuhljómsveit númer tvö á Íslandi. Það sjáum við best á þeirri miklu aðsókn sem við fáum á flesta okkar tónleika og ekki síst á því að atvinnutónlistarmenn á Íslandi flykkjast norður til að taka þátt í verkefnum okkar."

Stórverkefni í haust og vetur

Mikið verður að gera hjá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á haustmánuðum. Maximús Músíkús heimsækir hljómsveitina á Akureyrarvökunni í lok ágúst, sveitin flytur fimmtu sinfóníu Beethoven og frumflytur nýtt verk eftir Jón Hlöðver Áskelsson í Hofi þann 25. október en áður leikur hljómsveitin undir á tónleikum stórsöngvarans Andrea Bocelli í Kórnum í Kópavogi þann 3. október. Hápunktur haustsins verða tónleikar í Hörpu og Hofi með tónlist Óskarsverðlaunatónskáldsins Hildar Guðnadóttur í kvikmyndinni Joker. Þeir verða í lok nóvember og í kjölfarið fylgja tónleikar með Jónasi Sig og Ritvélum framtíðarinnar. Nefna má einnig stórt kvikmyndatónlistarverkefni þar sem sveitin heldur tónleika með nýrri tónlist eftir Þórð Magnússon sem flutt verður undir sýningu á kvikmyndinni Sögu Borgarættarinnar sem var fyrsta kvikmynd sem tekin var upp hérlendis. Þá mun sveitin einnig leika á tónleikum með hljómsveitinni Todmobile í haust þar sem Tony Hadley, söngvari Spandau Ballet, verður gestur. „Það er því mikið framundan, eins og sjá má," segir Þorvaldur.

mak.is
sinfonianord.is

Baðaðu þig
í sumarsól
á Akureyri!

Sundlaug Akureyrar

Afgreiðslutími í sumar: Kl. 06:45-21:00 virka daga
laugardaga kl. 08:00-21:00, sunnudaga kl. 08:00-19:30

FERSKT & FJÖLBREYTT

FJÓRIR STAÐIR Í HJARTA AKUREYRAR

BAUTINN
- Restaurant since 1971 -

HAFNARSTRÆTI 92
462 1818
BAUTINN.IS

[RUB23]
RESTAURANT
FISH - MEAT - SUSHI

KAUPVANGSSTRÆTI 6
462 2223
RUB23.IS

SUSHI
CORNER

KAUPVANGSSTRÆTI 1
466 3666
SUSHICORNER.IS

PIZZA SMIÐJAN
- ELDBAKAÐAR OG STÖKKAR -

HAFNARSTRÆTI 92
461 5858
PIZZASMIDJAN.IS

Húsbíll er málið í sumar!

Þegar lagt er í ferðalagið um Ísland sumarið 2020 er góður kostur taka ferða- eða húsbíl á leigu. Bílaleiga Akureyrar býður úrval slíkra til leigu í sumar, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum viðskiptavini.

Í boði eru allt frá sérútbúnum litlum ferðabílum með svefnrými fyrir tvo upp í húsbíl í lúxusútgáfu með svefnaðstöðu fyrir allt að fimm manns. Í stærri bílunum er ísskápur, vaskur, eldavél, vatnshitari, hitakerfi, sturta klósetti, útileguborð, stólar og margt fleira. Þeim sem hafa frekar hug á að ferðast utan bundins slitlags og fara upp á hálendið stendur einnig til boða að leigja fjórhjóladrifinn jeppa með pallhýsi.

husbilaleiga.is

■ **Allt til alls í húsbílnum. Hægt er að skipuleggja ferðalagið og fá tilboð í leigu á bílnum.**

Allt til útivistar og veiði

„Það er alveg hægt að fullyrða að Hornið, eins og verslunin er jafnan kölluð, sé alhliða verslun með allt það sem fólk þarf að nota í útivistinni. Þá erum við að tala um fatnað og allan búnað til útivistar allan ársins hring. Þessa dagana er auðvitað mest að gera í sölu á búnaði til gönguferða og í veiðina en hér afgreiðum við marga knáa veiðimenn sem ætla að sækja þann stóra í einhverja sprænuna hér fyrir norðan," segir Sveinn Guðmundsson, eigandi Hornsins í miðbæ Akureyrar.

■ **Sveinn Guðmundsson í versluninni Horninu, útivist og veiði, er með mikið úrval af alhliða búnaði sem snertir útivistina í sumar.**

Heimsþekkt merki

Þegar inn í Hornið við Kaupvangsstræti er komið dylst engum að þar er að finna gríðarlegt úrval af útivistarvörum. „Við leggjum fyrst og fremst áherslu á gæðavörur sem þola vel áraun hinnar rysjóttu íslensku veðráttu. Mikið af fatnaðinum er í raun tískuvara og við reynum að vera alltaf með það nýjasta frá okkar birgjum sem eru heimsþekkt merki. Það er að æra óstöðugan að telja þau öll upp en ég get nefnt Marmot í fatnaðinum og Scarpa í skónum, en hvoru tveggja merkin þekkja Íslendingar vel. Þá erum við með mikið úrval af Smartwool í ullarfatnaðinum."

Dótabúð veiðimannsins

Hornið er svo sannarlega dótabúð veiðimannsins því þar er allt á milli himins og jarðar sem snertir sportveiðina. Verslunin er með mikið úrval af stöngum og hjólum frá m.a. Greys, Abu, Shimano og fleiri framleiðendum sem íslenskir veiðimenn þekkja vel. Flugurnar í búðinni eru í ótal stærðum og gerðum og auðvitað er að finna spúna, öngla, sökkur og tilheyrandi fyrir kaststöngina.

utivistogveidi.is

Café

PENNINN Eymundsson

AKUREYRI • AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • VESTMANNAEYJUM

Velkomin til Akureyrar



Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

Brúin

SAMHERJI HF

VERKFÆRA SALAN

Brynja

ÍSLENSK VERÐBRÉF
síðan 1987

Bifreiðaverkstæðið
BAUGSBÓT
Frostagötu 1B-603 Akureyri
Símar: 462 7033 & 896 0373
Baugsbót ehf. Frostagata 1b, 603 Akureyri
Kt. 430298-2169 Vsk.nr. 57284

RAFEYRI
alltaf í stuði!

NORÐURORKA
Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita

BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur
Europcar
Þínar þarfir - okkar þjónusta

Deloitte.

LINDEX

MOTUL Á ÍSLANDI

Kjörís
ísbúðin
AKUREYRI
Geislagötu 10 og á Glerártorgi

KPMG

FROST

EINING-IÐJA

AUÐLINDIN

Verið velkomin að Grýtubakka

Hús fyrir fjölskyldur og smærri hópa
Heitur pottur og fjallasýn
Notaleg gisting í fögru umhverfi
Stutt til Grenivíkur og Akureyrar

Grýtubakki 1 | 610 Grenivík
Sími 846-9699 | olofbr@gmail.com

Gott að vera á Glerártorgi

■ Davíð Rúnar Gunnarsson, markaðsstjóri Glerártorgs. „Við höfum þegar orðið þess vör að Íslendingurinn ætlar að ferðast innanlands í sumar og umferðin til okkar eykst dag frá degi.“

„Það er búið að vera góð stemning og aðsókn hér hjá okkur á Glerártorginu og fyrir löngu ljóst að það hefur stimplað sig inn sem aðal verslunarstaður Akureyringa og nærsveitunga. Við eigum 20 ára afmæli á þessu ári og munum halda upp á það með ýmsum uppákomum út allt afmælisárið. Veiruskrattinn hefur auðvitað riðlað skipulagi töluvert en það breytir ekki því að á Glerártorgi er gott að versla enda flest þar að fá sem heimilið þarf á að halda,“ segir Davíð Rúnar Gunnarsson, markaðsstjóri verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs í samtali.

Ein og hálf milljón!

Glerártorg var opnað 2. nóvember árið 2000 en þá voru verslunarrýmin 23 talsins. Árið 2007 var ráðist í stækkun hússins og það allt gert meira aðlaðandi fyrir gesti. Í dag eru 36 aðilar á Glerártorgi, fyrst og fremst verslanir af ýmsu tagi en einnig þjónustuaðilar eins og veitingastaðir, úrsmiður, apótek og læknastofur, banki og tryggingarfélag svo fátt eitt sé nefnt. Eigendaskipti urðu á Glerártogi árið 2014 og núverandi eigandi verslunarmiðstöðvarinnar er Eik fasteignafélag hf.

„Segja má að hér sé kjarninn í verslun og viðskiptum Akureyringa og þeirra sem sækja bæinn heim á ári hverju. Á Glerártorg kemur árlega yfir ein og hálf milljón gesta sem gerir það að stærstu verslunarmiðstöð utan höfuðborgarsvæðisins. Ég á von á því að þessi tala verði hærri í ár en nokkru sinni og get ég nefnt að yfir síðustu hvítasunnuhelgi var aðsóknin ein sú mesta frá upphafi og um hverja helgi er hér fullt út úr dyrum. Við höfum þegar orðið þess vör að Íslendingurinn ætlar að ferðast innanlands í sumar og umferðin til okkar eykst dag frá degi.“

Breyttir verslunarhættir

Davíð Rúnar segir að þrátt fyrir fjöldatakmarkanir vegna Covid 19 hafi reksturinn á Glerártorgi gengið vel síðustu mánuði. „Við þurftum auðvitað að laga okkur að aðstæðum og flestar verslanir mættu þörfum sinna viðskiptavina með aukinni heimsendingarþjónustu sem gekk vel að flestra mati. Ég held raunar að netverslun muni aukast í kjölfarið því margir áttuðu sig á að það væri frábær leið og muni í auknum mæli halda því áfram. Glerártorg styður sínar verslanir heilshugar í því að efla netverslunina og nú er unnið að því að gera torgið ennþá netvænna. Meðal annars erum við að undirbúa uppsetningu póstboxa sem fólk, sem verslar á netinu, getur sótt vörur sínar í hvenær sem er sólarhringsins.“

Við spyrjum markaðsstjórann um áherslur í nútíma markaðsstarfi. „Stóra breytingin sem ég finn eru samfélagsmiðlarnir því þangað erum við að beina okkar markaðsstarfi í síauknum mæli. Meginhluti okkar auglýsinga hefur á síðustu tveimur árum verið að færast yfir á netmiðlana og það er klárlega þróun sem ekki verður stöðvuð. Einnig höfum við alltaf styrkt tengslin við íþróttafélögin í bænum en við viljum leggja áherslu á gott samband við nærumhverfið. Það skilar sér til lengri tíma.“

■ Í tilefni þjóðhátíðardagsins nú í júní var margt til gamans gert á Glerártorgi fyrir yngstu kynslóðina. Meðal annars var þessi geðþekki og barngóði ísbjörn sem vakti mikla lukku.

H&M á Glerártorg

„Stóru tíðindin þetta árið eru þau að á haustmánuðum opnar sænska verslunarkeðjan H&M verslun á Glerártorgi en hún mun hreiðra hér um sig á um 1300 fermetra svæði. Verslunin verður sú fyrsta sem H&M opnar utan höfuðborgarsvæðisins. Það er enginn vafi að tilkoma H&M mun styrkja mjög aðra verslun hér og draga að fjölda viðskiptavina sem verður til þess að styrkja heildina. Við munum ugglaust halda upp á þann áfanga með veglegum hætti þegar þar að kemur,“ segir Davíð Rúnar að síðustu.

glerartorg.is

Vaðlaheiðargöng

Þetta þarf ekki að vera flókið

- keyrðu í gegn og fáðu rukkun í heimabanka

Athugið að eftirvagna þarf ekki að skrá né borga fyrir sérstaklega



VEGGJALD.IS
VAÐLAHEIÐARGÖNG

Þjónustuver Vaðlaheiðarganga
er opið 10 til 12 og 13 til 15 virka daga

464 1790 veggjald@veggjald.is



Varnir gegn bitvörgum náttúrunnar

„Lúsmýið er því miður einn af fylgifiskum sumarsins en þess varð vart í Mývatnssveit og víðar hér á Norðurlandi í fyrra. Við þurfum að vera vel undir það búin að takast á við bitvarga af því tagi og gæta þess að hafa varnir gegn þeim í farangrinum. Akureyrarapótek er með ýmis efni sem verja okkur fyrir skordýrabiti og önnur sem lina þrautir eftir að við höfum verið stungin," segir Jónína Freydís Jóhannesdóttir hjá Akureyrarapóteki í Kaupangi.

■ **Sumarafleysingafólk í Akureyrarapóteki. Frá hægri: Ásdís Karlsdóttir, Hrönn Gunnarsdóttir, Kári Gautason og Þorkell Björn Ingvason.**

Varnir og viðbrögð

Við spurðum Jónínu hvað væri helst til ráða gegn lúsmýinu og öðrum smáverum sem geta átt það til að angra okkur í guðsgrænni náttúrunni. „Við vitum jú að bit skordýra geta verið óskemmtileg og valdið verulegum óþægindum og í sumum tilvikum haft alvarlegar afleiðingar sem þarf þá að meðhöndla með lyfjum og jafnvel enn frekari meðferð. Sem betur fer eru ekki mörg skordýr hér á landi sem bera með sér hættulega sjúkdóma en þó hefur t.d. skógarmítils orðið vart en hann getur verið hættulegur vágestur. Skordýr hér á landi bíta helst útivið nema lúsmýið sem þá þarf að hindra að komist inn um glugga, t.d. á nóttunni. Hér í apótekinu erum við með ýmis efni sem fæla frá okkur skordýrin en einnig lyf og krem sem nota má við bitum til að lina þjáningar og hjálpa til við að græða sárin."

Mörg hollráð

Jónína segir ágætt að kæla bólgið svæði í nokkrar mínútur og mikilvægt sé að klóra ekki í bitið þar sem það geti valdið enn frekari bólgum og sýkingum. Hjá okkur eru til sterakrem sem fást án lyfseðils en þau minnka bólgur og draga úr kláða. Ef ofnæmisviðbrögðin eru mikil bendum við líka á ofnæmislyf sem einnig eru seld í lausasölu. Ég vil leggja áherslu á að fólk leiti umsvifalaust til heilsugæslunnar ef það sýnir alvarleg viðbrögð gegn skordýrabiti og einnig ef útbrot minnka ekki á nokkrum dögum eftir fyrstu meðhöndlun. Þá getur þurft að grípa til sterkari ráða."

akureyrarapotek.is

Dalsbraut 1 - Akureyri - Sími 461 2700

BAKARÍIÐ VIÐ BRÚNA

Opið: kl. 7 -17 virka daga og kl. 8-16 um helgar

BÍLALEIGA AKUREYRAR
Höldur
Europcar

Hafðu bílamálin einföld og þægileg.

LANGTÍMALEIGA

Langtímaleiga er hagkvæmur kostur í bílamálum. Leigutími er frá 3 að 36 mánuðum. Innifalið er tryggingar, bifreiðagjöld, reglubundnar þjónustuskoðanir, smurþjónusta og dekkjaskipti. Fjármagnsbinding er engin og endursöluáhætta heyrir sögunni til.

VOTTUN HF. ÍST ISO 9001
VOTTUN HF. ÍST ISO 14001

Afgreiðslustaðir um land allt

Aðalnúmer 461 6000

www.langtimaleiga.is

Saltfiskpizza og fjörupottar á Hauganesi

„Við erum alltaf með ferskan og nýjan fisk en saltfiskréttirnir eru sérstaklega vinsælir, t.d. djúpsteiktur saltfiskur með frönskum og ekki síst saltfiskpizzan," segir Elvar Reykjalín, eigandi Ektafisks á Hauganesi en fyrirtæki hans hefur á síðustu árum stóraukið veitingaþjónustu og afþreyingu á staðnum með opnun veitingahússins Baccalá Bar og uppsetningu á heitum pottum í fjörunni. Aðstæður til sjósunds eru mjög góðar en milli sundspretta er gott að slaka á í pottunum.

■ **Heitu pottarnir í fjörunni. Tilvalið er að bregða sér í sjóinn og synda.**

Fáir ef nokkrir staðir við sjávarsíðuna státa af þeirri aðstöðu sem gestum stendur til boða á Hauganesi, þ.e. tjaldstæði, fyrsta flokks veitingastaður, hvalaskoðun, sjóstangveiði, heitir pottar í fjörunni, sjósund gönguleiðir og þannig mætti áfram telja. Veitingastaðurinn Baccalá Bar var opnaður vorið 2016 og leggur áherslu á saltfiskrétti úr vörunum frá Ektafiski en líkt og Elvar nefndi er einnig spriklandi nýr fiskur alltaf á matseðlinum, auk annarra rétta. Baccalá Bar er opinn alla daga kl. 10-21 nú yfir háönn sumarsins.

Allt til alls

Tjaldstæðið er rúmgott og vel búið rafmagnstenglum. Þar við hliðina eru fjögur klósett, sturta, leikvöllur fyrir börnin og að sjálfsögðu er velkomið að fara fram á hafnargarðinn og renna fyrir fisk. Þeir sem vilja lengra út á sjóinn geta brugðið sér í hvalaskoðun og sjóstöng með hvalaskoðunarbátnum Níels Jónssyni EA.

ektafiskur.is

Förum jákvæð inn í sumarið

„Við viljum sjá sem allra flesta hjá okkur hér í sundlauginni í sumar en Íslendingar ætla að ferðast innanlands eins og allir vita. Því eigum við von á landanum hingað og eftir atvikum útlendingum sem einnig eru aufúsugestir" segir Elín H. Gísladóttir, forstöðumaður Sundlaugar Akureyrar í stuttu spjalli.

■ **Sundlaug Akureyrar er sannkölluð vatnaparadís fyrir fólk á öllum aldri.**

Akureyri er skemmtilegur og margbreytilegur áfangastaður ferðamanna og þar er margt að sjá. Ómissandi þáttur er að kíkja við í sundlauginni við Þórunnarstræti til að skola af sér ferðarykið eða flatmaga þegar sú gula lætur sjá sig. Sundlaug Akureyrar er sannkölluð vatnaparadís fyrir alla fjölskylduna og þar eru m.a þrjár rennibrautir sem alltaf njóta mikilla vinsælda hjá gestum á öllum aldri. Í Fjölskyldugarðinum er að finna leiktæki fyrir yngstu kynslóðina auk ærslabelgja sem ungviðið hefur gaman af. Gengið er inn í garðinn frá göngustíg við Íþróttahöllina.

„Við förum bara jákvæð inn í sumarið og treystum á að sólin skíni sem flesta daga því þá er ys og þys hér í lauginni og yndislegt mannlíf. Hér lá allt í láginni eftir að samkomubannið reið yfir í mars en lokunartímann nýttum við til að endurbæta eitt og annað, meðal annars að lagfæra búningsklefa og sturtur, bæta aðgengi að salernum í kvennaklefa og endurnýja setbekki við skápa. Þessa dagana er verið að leggja lokahönd á verkið. Við erum því vel í stakk búin að taka á móti gestum okkar og bjóðum alla velkomna til okkar."

lindex.is

Bralette frá
2599,-

LINDEX

+ Reykjavík

Kynnumst upp á nýtt

+ **Arnór Bohic**
Framkvæmdasjóri
Le Bistro.

Nú er rétti tíminn til að njóta Íslands og alls þess sem lífið hefur upp á að bjóða.

Flug og bíll eða flug og gisting eru á sérkjörum í allt sumar þannig að núna er rétti tíminn til að kynnast Reykjavík upp á nýtt.

Flug og gisting frá
29.900 kr.
í eina nótt á mann

Flug og bíll frá
28.900 kr.
í einn sólarhring á mann

+ Bókaðu á **airicelandconnect.is**

Air Iceland Connect